

Alþingi
Erindi nr. P 135/2981
komudagur 26.5.2008



Félagsþjónusta
Kópavogs

Félagsmálaráð Kópavogs
Gunnsteinn Sigurðsson formaður

19.5.2008

Fyrir liggur tillaga að þingsályktun um framkvæmdaráætlun í barnavemdarmálum fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010. Óskað er eftir umsögn um ályktunina.

Undirritaður hefur, ásamt yfirmanni fjölskyldudeildar, farið yfir ályktunina. Af henni má ráða bæði áhuga og metnað um betri barnavernd. Áætlanir sem fram koma í barnavemdarmálum, að þróa ný úrræði og það sem er hvað nauðsynlegast, að meta árangur af hvers konar barnaverndarstarfi ber að fagna sérstaklega. Eftirlit með vistun barna utan heimilis og þar með aukin gæði slíkra ráðstafana er nauðsynlegt. Áætlað er að slíkt eftirlit fari fram af óháðum sérfræðingi sem hlýtur að vera forsenda framgangs í þessum málum. Í því sambandi má velta fyrir sér hversu eðlilegt það er að á herðum hvílir allt í senn ráðgjöf til barnavemdamefnda, eftirlit með þeim og meðferðarheimilum og rekstur þeirra.

Fram kemur í fjórða kafla ályktunarinnar að stefnt sé að því að efla menntun og þjálfun starfsmanna sem vinna í barnavemdarmálum með því m.a. að koma á fót framhaldsnámi í barnavernd. Aukin menntun er forsenda góðrar málsmeðferðar í barnvernd og ber því sérstaklega að fagna þessum áætlunum ráðuneytisins og Barnavemdarstofu. Með slíkum aðgerðum, sem eiga sér reyndar fordæmi, en fyrir nokkrum árum var ráðist í slíkt nám á vegum Endurmenntunar HÍ, skapast jafnframt grundvöllur til endurskoðunar á námi í barnavernd yfirleitt. Almennt má segja að um athyglisverðar áætlanir sé að ræða. Þó mætti koma skýrar fram skipting milli ráðuneytisins og Barnavemdarstofu á ábyrgð og framkvæmd. Jafnframt með hvaða hætti á að fjármagna framkvæmdir í barnamálum og hvernig ráðuneytið og Barnavemdarstofa ætla sér að vera ákveðnari stuðningsaðilar við sveitarfélögin og jafnframt samhæfingaraðilar stofnana ríkis og sveitarfélaga. Þrátt fyrir að það hljóti að vera markmiðið að aðstoða unglunga á heimilum sínum verður líklega ekki komist hjá faglega sterkum vistunarheimilum. Afar mikilvægt er að gera langtíma markmið um slíkan rekstur og hvers konar erfiðleika slík heimili eiga að takast á við. Að auki þyrfti Barnavemdarstofa að ráða yfir lokaðri meðferðardeild fyrir unglunga, á höfðuborgarsvæðinu.

Í heild er um metnaðarfulla framkvæmdaáætlun að ræða sem án efa mun stuðla að meiri gæðum í barnavernd og ber að fagna þessu.

Aðalsteinn Sigfússon
félagsmálastjóri Kópavogs